




Starfsáætlun



ÁSGARÐSSKÓLI
SKÓLI Í SKÝJUNUM

MAT Á STARFSÁÆTLUN 2025-2026

Jun 1, 2026



Inngangur	3
Starfsáætlun	3
Skóladagatal	3
Kennarar og starfsfólk	5
Skipulagsdagar	6
Skipulagsdagar í ágúst	6
Skipulagsdagar á skólatíma	6
Skipulagsdagar að vori	7
Samvinna kennara - morgnar kl. 8:15	7
Kennarafundir - þriðjudaga kl. 08.00	7
Aðrir fundir	8
Starfsþróun	8
Starfsáætlun nemenda	9
Stundaskrá	10
Sérfræðiþjónusta	11
Ráð og nefndir	12
Skólaráð Ásgarðsskóla	12
Áfallaráð	12
Nemendafélag og nemendaráð	13
Foreldrafélag	13
Nemendaverndarráð	13
Skólareglur	14



Ígrundun skólaársins frá kennurum

B ▾	Það sem var gott: Viðtalsdagar voru góðir dagar, fastir tímar fyrir námsviðtöl, <i>hver er hvar</i> skjalið var gott. Gott að vinna eftir fundaáætlun. Það sem má betur fara: Náðum að halda eina brunaæfingu þannig að við setjum tvær á dagskrá á næsta skólaári, fyrri í september og seinni í febrúar. Staðlotur voru of langar (2 dagar) en verða bara einn dagur á næsta skólaári. Komið í skóladagatal næsta árs. Kennarafundir voru færðir frá klukkan 8 á þriðjudagsmorgnum til klukkan 14:00 á miðvikudögum. Þar sem skóladagur nemenda lengist er spurning um að færa fundina aftur til baka klukkan 8 til 9 á miðvikudagsmorgnum og að aukakennari taki þá morgunstund klukkan 9 ef útlit er fyrir langan fund. Setja skólasáttmálann í <i>Velkomin í skýin</i>, þarf að láta nýja nemendur fara yfir skólasáttmálann, má bæta.
-----	--

Inngangur

Þetta er starfsáætlun Ásgarðsskóla - skóla í skýjunum fyrir fimmta starfsár skólans. Framkvæmd og aðsókn hafa verið vonum framar. Fyrirhugað er að skólinn taki við nemendum í 50 pláss á skólaárinu.

Starfsáætlun er lögð fram að hausti en að vori metur starfsfólk skólans hvernig til hefur tekist með framkvæmd að vori. Þessi starfsáætlun er endurbætt út frá umbótaábendingum frá því að matið fór fram í maí 2025.

Starfsáætlun

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum sem skóli hefur til ráðstöfunar er



varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori.

A ▾	Kennsla féll aldrei niður í vetur.
-----	------------------------------------

SKÓLADAGATAL

Skóladagatal Ásgarðsskóla er hefðbundið að því leyti að starfsdagar utan almenns skólatíma eru átta og starfsdagar kennara á skólatíma eru fimm. Þessir dagar eru aðgreindir á skóladagatali skólans.

Dagatalið er óhefðbundið vegna þess að skóladagar eru 190 talsins. Nemendum ber þó aðeins að sækja skóla í 180 daga en fjölskyldur hafa frjálst val um hvort og hvenær þær vilji taka aukadagana í frí. Starfsfólk hefur sömuleiðis tækifæri á að velja sér frídaga að höfðu samráði við skólastjóra og samstarfsfólk.

Skólastarfið er almennt á netinu en fjórum sinnum yfir árið er boðið upp á staðlotur þar sem nemendur sem eiga heimangengt hittast til að stunda námið saman. Staðlotum hefur fjölgað að ósk nemenda. Skólastarf fer þó jafnframt fram á netinu. Skólaslit eru skipulögð með sama hætti.

Dagatalið er einnig óhefðbundið að því leyti að nemendur skipuleggja sjálfir uppbrotsdaga, svo sem ferðir og skemmtanir. Það er gert í lýðræðislegu ferli við upphaf skólaárs. Innihald skóladagatalsins getur því tekið breytingum þótt frídagar og skipulagsdagar haldist óbreyttir. Nemendafélagið Æsir er verndari uppbrotsdaga og þau skipuleggja uppbrotsdaga í samráði við skólastjórn, kennara og aðra nemendur eftir atvikum, undirbúa eða fá aðra með sér í undirbúninginn, æfa og framkvæma.

Í Ásgarðsskóla eru engir skertir dagar en það er rými fyrir nemendastýrða daga sem nemendur skipuleggja og stjórna.

 skoladagatal-2025-2026.xlsx

A ▾	Skóladagatalið gekk eftir að fullu. Örlitlar breytingar voru gerðar þegar staðlota var færð til um nokkra daga.
-----	---



Opnunartími

Ásgarðsskóli er opinn á Zoom frá 8:15-12:00 og 13-15 alla virka daga (til kl. 14 á föstudögum) og eftir samkomulagi þess utan.

Símanúmer: 555-0023

Tölvupóstur: Ásgarðsskóli - skóli í skýjunum

Kennarar og starfsfólk skólans er aðgengilegt í gegnum síma, myndfundi og tölvupóst. Öll gera sitt besta til að svara fyrirspurnum frá nemendum og forsjáraðilum við fyrsta tækifæri, þó yfirleitt á skrifstofutíma. Fyrir nemendur og fullorðna fólkið þeirra er einfaldast og fljótlegast að senda skilaboð á Slack og þá helst í hóp barnsins. Allir umsjónarkennarar eru með opið dagatal þar sem foreldrar/forráðafólk eða nemendur geta bókað fundi beint við kennara.

B ▾	Slack-forritið breytti skilmálum sínum og ekki var lengur heimilt að nýta það fyrir börn yngri en 16 ára. Þá var ákveðið að setja krakkana inn á Google-Education spjallið en halda foreldrum inni á Slack. Það hefur gengið vel.
-----	---

SKRÁNING NEMENDA

Ásgarðsskóli starfar á netinu en er með heimilisfesti í Reykhólasveit. Upplýsingar um skráningu nemenda er að finna [hér](#).

Skólinn getur tekið 50 nemendur en nemendur voru 36 þegar skólahald hófst.

Mikilvægt er að kynna sér innritunarreglur skólans og sækja um flutning skólaþjónustu hjá lögheimilissveitarfélagi. Tekið er inn í skólann með reglulegu millibili yfir veturinn ef hann er ekki fullsetinn. Annars eru nemendur skráðir á biðlista.

11. Innritunarreglur Ásgarðsskóla

A ▾	Skólinn fylltist smám saman og þegar þetta er ritað eru nemendur 50 talsins. Skólinn fylltist eftir páska sem er svipaður taktur og verið hefur.
-----	--



STJÓRNSKIPULAG

Skólastjóri er ábyrgur fyrir rekstri skólans en eigandi er framkvæmdastjóri og faglegur leiðtogi. Skólastjórn skipa skólastjóri, kennslustjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og námskrárstjóri. Skólastjóri stýrir skólastarfinu og ber ábyrgð á skipulagi þess.

Ásgarðsskóli er lærdómssamfélag þar sem nemendur, starfsfólk og forsjáraðilar vinna saman að því að auka gæði skólastarfsins og gera betur í dag en í gær. Við gerum öll okkar besta og setjum markið hátt. Starfsfólk er fyrirmyndir nemenda í starfsháttum og mikilvægt er að öll hafi aðstöðu og næði til að sinna vinnu sinni vel, leggi metnað í verkefnin og sýni faglega framkomu.

Kennarar og starfsfólk

- Krístrún Lind Birgisdóttir: Skólastjóri
- Óskar Finnur Gunnarsson: Kennslustjóri, umsjónarkennari.
- Tinna Pálsdóttir: Námskrárstjóri og jafnréttisfulltrúi.
- Gréta Pálín Kortsen: Umsjónarkennari og fulltrúi í skólaráði. Í leyfi til 1. janúar
- Harpa Jónsdóttir: Umsjónarkennari í afleysingum til 31. desember. Situr í skólaráði.
- Sigurður Kristján Nikulásson: Umsjónarkennari og öryggisfulltrúi.
- Hildur Vilhjálmisdóttir: Náms- og starfsráðgjafi.
- Díana Jónsdóttir: Skólahjúkrunarfræðingur.
- Sigríður Helgadóttir: Skólasálfræðingur.
- Anna María Þorkelsdóttir: Deildarstjóri stoðþjónustu og tengiliður farsældar
- Talmeinafræðingar frá Tröppu talþjálfun og aðrir sérfræðingar aðkeyptir.

A	Einu mannabreytingarnar voru þegar náms- og starfsráðgjafinn okkar lét af störfum. Sigríður Helgadóttir fór í fæðingarorlof í janúar.
---	---

ÖRYGGISÁÆTLUN

Þar sem við deilum ekki rými eru allar nauðsynlegar heilsufars- og viðbragðsupplýsingar um nemendur og starfsfólk skráðar í þar til gert skjal ef upp skyldu koma slys eða skyndileg veikindi. Skjal þetta er yfirfarið og endurbætt um leið og breytingar verða, starfsfólk ber sjálft ábyrgð á sinni skráningu og umsjónarkennarar á skráningu sinna nemenda.



Þar sem nemendur og starfsfólk sinna vinnu sinni að heiman er mikilvægt að hver og einn útbúi sína rýmingaráætlun og kynni hana því fólki sem deilir með þeim húsnæði. Nemendur fara sömuleiðis í gegnum námsferli þar sem farið er yfir helstu öryggisatriði á heimilinu, hættur, viðvaranir og útgönguleiðir.

Rýmingaræfing skal haldin tvisvar á hverjum vetri og ber öryggisfulltrúi ábyrgð á framkvæmd hennar og eftirfylgd. Nemendur vinna sömuleiðis verkefni um það hvernig þau geta tryggt sér góða vinnuaðstöðu heima.

Starfsfólk skal vista öll gögn á drifi skólans og hreinsa til í því á þriggja mánaða fresti ásamt því að aftengja smáforrit og skipta um lykilorð.

Sigurður Kristján er öryggisfulltrúi og sér til þess að öryggisáætlun sé fylgt eftir.

6.5 Öryggisáætlun Ásgarðs

A ▾	Öryggisáætlunin var uppfærð í vetur. Ekki hefur þurft að virkja áætlunina en mikilvægum þáttum var bætt við, svo sem viðbrögðum við því ef upp kemur sú staða að netið leggist niður og slík „brunaæfing“ sett á dagskrá hvers skólaárs framvegis.
-----	--

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru 13 talsins, fjórir áður en skóli hefst og fjórir eftir að skóla lýkur, en fimm eru dreifðir yfir starfstíma skólans. Dagarnir eru sumir hverjir helgaðir ákveðnum verkefnum nú þegar. Að öðru leyti eru skipulagsdagar skipulagðir af skólastjórn og í samráði á kennarafundum og þá er tíminn nýttur í það sem helst liggur á hverju sinni.

Skipulagsdagar í ágúst

- Kosningar í nefndir og ráð.
 - Áherslur skólaársins
 - Endurskoða [fræðsluáætlun](#) forsjáraðila
 - Námsvísir 25-26
 - Fyrirkomulag stærðfræðinnar
 - Námsmatsstefna
 - Móttaka nýrra nemenda



- Starfsþróunaráætlun: bæta við einu ári og ákveða skipulag starfsdaga vetrarins í samræmi við starfsþróunaráætlun.
- Fundaáætlun staðfest og endurskoðuð

A ▾	Allir starfsdagar gengu eftir og gengu vel.
-----	---

Skipulagsdagar á skólatíma

Unnið samkvæmt starfsþróunaráætlun [6.2 Starfsþróunaráætlun](#)

- Oct 6, 2025
- Nov 19, 2025
- Jan 2, 2026
- Feb 20, 2026
- May 15, 2026

A ▾	Starfsþróunaráætlun var endurnýjuð í vetur - áfram áhersla á gervigreind og uppfærðar áherslur um áherslur í stærðfræðinámi.
-----	--

Skipulagsdagar að vori

- Námsmatsgögn, viðurkenningarskjöl og annað sent heim í bréfpósti.
- Lokamati skilað með viðeigandi hætti til MMS.
- Nemendaskýrslum fyrir veturinn skilað til viðkomandi sveitarfélags.
- Gögn um útskrifaða nemendur vistuð á viðeigandi hátt.
- Tiltekt á drifi, gögnum eytt og afdeilt.
- Áætlanir yfirfarnar ef ekki tókst að ljúka því á kennarafundum.
- Skýrsla um innra mat.
- Ígrundun starfsársins og úrbótaáætlun.
- Kennarar gera áætlun um starfsþróun og endurmenntun fyrir sumarið og komandi vetur.
- Endurmenntunardagar og orlofsdagar skráðir hjá skólastjóra.
- Mat á starfsáætlun og drög að starfsáætlun næsta árs.



- Sýn, stefna og skólanámskrá - óskir um breytingar fyrir komandi ár.
- Lokið við gerð námsvísis og eins við gerð kennsluefnis sem honum tengist ef við á.

A ▾	Búið er að skipuleggja starfsdagana og manna undirbúning skólaslita.
-----	--

Samvinna kennara - morgnar kl. 8:15

Kennarar vinna saman eða í sitt hvoru lagi alla morgna kl. 8:15-9:00 til að tryggja að allt sé tilbúið fyrir daginn og bera saman bækur sínar eftir þörfum.

B ▾	Hafa stundaskrá kennara aðgengilega í tékklista fyrir kennslu og í nemendaskrá nemenda.
-----	---

Kennarafundir - þriðjudaga kl. 08.00

Alla þriðjudaga kl. 08:00. Fundinn sitja skólastjóri og kennarar og aðrir ráðgjafar eftir fundarefni, skólastjóri stýrir fundunum. Málefni eru tímasett og kennarar deila með sér hlutverkum ritara, tímastjóra og hvata sem gætir þess að umræðan haldist einbeitt og uppbyggileg.

Fundaráætlun hér að neðan sýnir áætlanir og áhersluatriði sem tekin eru fyrir. Fundirnir nýtast jafnframt til að skipuleggja komandi mánuð, svo sem að útfæra uppbrotsdaga og skipuleggja vinnu ýmissa verkefna.

B ▾	Gerðar voru breytingar á fundartíma á fjórðu spönn og ákveðið að færa kennarafundi til kl. 08.00 á miðvikudögum. Þannig gefst meiri tími fyrir spjall og minna stress að undirbúa kennslu á morgnana.
-----	---



MAT á starfsáætlun 2025 - 2026

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai/júní
Kennarafundir (08:00 - 08:30 á þriðjudögum)									
☒ Sýn og stefna og aðferðir Ásgarðsskóla og starfslýsingar ☐ Samþykktja starfsáætlun skólans ☐ Skólareglur kynntar eftir endurskoðun ☐ Möttökusamtöl í dagatali - búið að deila skjölunum til ykkar.	☒ Sýn og stefna og aðferðir Ásgarðsskóla og starfslýsingar ☐ Starfsáætlun um innra mat kynningu. ☐ Innlit í kennslustundir verða í október - fara yfir áherslur og dagsetja ☐ Undirbúa nemendabætur í október	☐ Starfsmannakönnun ☐ Umbætur í kjölfar nemendabætur ☐ Tengslakönnun okt/nóv ☐ Nemendakönnun ☐ Innlit í kennslu ☐ Helsta þörf fyrir starfsþróun? Hver er hún að mati kennara?	☐ Starfsmannahandbók skoða starfslýsingar - 2 umferð ☐ Foreldrakönnun ☐ Samstarfsáætlanir við fyrirtæki og stofandir. ☐ Nemendakönnun ☐ Mat á teymiskennslu	☐ Heildarmat á námi og kennslu - gróf staða. Greina með kennurum. ☐ SVÖT greining á starfsemi skólans fyrir alla haust önnina ☐ Kynna drög að starfsþróunaráætlun	☐ Tengslakönnun gera með nemendum ☐ Nemendakönnun ☐ Innlit í kennslustundir í febrúar - kennarar velji áherslur til að skoða ☐ Undirbúa skólalæping sem verður í febrúar ☐ Kynna endurskoðaða umhverfisstefnu skólans ☐ Kynna endurskoðaða skimanáætlun	☐ Foreldrakönnun númer tvö ☐ Halda skólalæping ☐ Starfsþróunarsamtöl allir ☐ Nemendakönnun	☐ Starfsmannahandbók skoða starfslýsingar - 3 umferð	☐ Nemendakönnun ☐ Mat á námsmatsstefnu - SVÖT greining. ☐ Stærðfræðikennsla - staða - SVÖT	☐ Kynna drög að innra mats skýrslu ☐ Kynna mat á starfsáætlun
Starfsþróun 2x-3x í mánuði - spennir framundan, Al hæfni og fl. (8:00-8:45 á miðvikudegi)									
☐ Samskiptadagbókin	☐ Engin dagskrá	☐ Stærðfræði - endurgjöf	☐ Gervigreind með nemendum	☐ Framfarakvarðar	☐ Heildarendurskoðun á skólanámskrá.	☐ Koma fyrir <u>Al</u> hæfnivæðingum inn í Námsvísir skólans.	☐ Framfarakvarðar	☐ Heildarendurskoðun á skólanámskrá.	☐ Koma fyrir <u>Al</u> hæfnivæðingum inn í Námsvísir skólans.
Stoðþjónusta 1x í mánuði (8:00-8:30 á miðvikudegi)									
		☐ Prepaskiptur... ☐ CR Nemendur - merkt inn á yfirlitsskjal Anna María K. Þork...	☐ Prepaskiptur stu... ☐ CR Nemendur - merkt inn á yfirlitsskjal Anna María K. Þork...	☐ Prepaskiptur stu... ☐ CR Nemendur - merkt inn á yfirlitsskjal Anna María K. Þork...	☐ Nemendafundur ☐ Samþætt þjónusta - hve margir/ hvaða?	☐ Prepaskiptur stu... ☐ CR Nemendur - merkt inn á yfirlitsskjal Anna María K. Þork...	☐ Prepaskiptur stu... ☐ CR Nemendur - merkt inn á yfirlitsskjal Anna María K. Þork...	☐ Prepaskiptur stu... ☐ CR Nemendur - merkt inn á yfirlitsskjal Anna María K. Þork...	☐ Prepaskiptur stuð... ☐ CR Nemendur - merkt inn á yfirlitsskjal Anna María K. Þorkel...
Staðlotur áherslur									
		☐ Örtölur /3D prentun	☐	☐ Föndur	☐	☐	☐	☐	☐
Ótímasett - <u>forvarnaráætlun</u> fyrir nemendur og foreldra									
Forvarnarúlla 1	Vinnustaðaoöryggi og umhverfi	Samtökin 78	Ný áskorun		Vimuefnaforvarnir	Starfsánægja	Forvarnir gegn kynferðisofbeldi		
Forvarnarúlla 2	Gagnaöryggi	Jafnrétti	Ný áskorun		Svefn og næring	Starfsánægja	Forvarnir gegn kynferðisofbeldi		
Forvarnarúlla 3		Mannréttindi	Ný áskorun			Starfsánægja	Forvarnir gegn kynferðisofbeldi		

B

Fundaáætlun hefur gengið eftir að langmestu leyti, allir mikilvægustu þættirnir hafa komist á dagskrá. Næsta vetur er fyrirhugað að gera ítarlegri og enn betri fundaáætlun til þess að tryggja að öll helstu verkefni komist til skila.

Aðrir fundir

Kennslustjóri og tengiliður farsældar sem er jafnframt deildarstjóri stoðþjónustu sitja almennt lausnafundi en sækja upplýsingar fyrir fram og miðla þeim til kennara. Þegar virkja þarf áætlun vegna ástundunar sitja umsjónarkennarar fundi eftir því sem áætlunin segir til um.

Kennarar mega búast við því að vera í öðrum teyimum, ráðum, nemendaverndarráði og öðru slíku eftir samkomulagi. Kennarar eiga alltaf fulltrúa í skólaráði.



B ▾	Með breytingum og lengingu á fundartíma var ákveðið að taka fyrir nemendamálin á kennarafundum.
-----	---

Starfspróun

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við starfspróunaráætlun skólans með það að markmiði að allt starfsfólk hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta störf þeirra, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans auk þess sem kennarar sinna endurmenntunarskyldu utan starfstíma í samræmi við kjarasamninga. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni í starfi enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess. Þá er markmiðið að vera sífellt í framþróun og að starfsmannahópurinn hafi metnað til að vera leiðandi þegar kemur að nútímastarfsháttum í grunnskólum.

Nýir kennarar fara í gegnum markvissa þjálfun og hæfnimat á reglubundnum fundum sem fara fram fyrstu þrjá mánuði þeirra í starfi. Það að uppfylla hæfnimatið er forsenda framtíðarráðningar. Vanir kennarar byggja ofan á þetta hæfnimat og fá starfspróunarsamtöl samkvæmt starfsmannahandbók.

Starfspróunaráætlun gildir til tveggja ára í senn.

- † Sjálfsmat á færni umsækjenda - Fyrsta skref
- † Masterskjal - Móttaka nýrra starfsmanna - Stjórn SÍS
- ☰ 7. Starfsmannahandbók með starfsmannastefnu
- ☰ 6.2 Starfspróunaráætlun

A ▾	Starfspróunaráætlun var endurnýjuð í vetur - áfram áhersla á gervigreind og uppfærðar áherslur um áherslur í stærðfræðinámi.
-----	--



NÁMSMATSSTEFNA OG NÁMSMATSVIÐTÖL

Sérstök áhersla er lögð á að útfæra námsmatið við skólann vel. Námsmatsstefna hefur verið útbúin og skýr viðmið um námsmat eru fyrir hendi. Umsjónarkennari hittir nemanda a.m.k. þrisvar sinnum á hverri spönn auk þess sem nemandinn boðar til nemendastýrðs viðtals með fullorðna fólkinu sínu og kennara á sex vikna fresti.

Gert verður ráð fyrir sérstökum tímum í töflu þar sem námsviðtöl fara fram samhliða yndislestri en það fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir hjá nemendum.

Á starfsdögum í haust setja kennarar sér starfsáætlun násmats. Þar verður ákveðið hvaða áherslupættir verða til grundvallar hverju sinni í námsviðtölum og nemendastýrðum viðtölum. Jafnframt verður leitað leiða til að tengja niðurstöður skimana og framfaraskráninga betur inn í nemendastýrð viðtöl.

☰ Námsmatsstefna Ásgarðsskóla

A ▾	Enn var haldið áfram að endurskoða námsmatsstefnu sem hefur verið bæta lítillega orðalag en engar umbreytingar.
-----	---

STARFSÁÆTLUN NEMENDA

Sameiginleg skólastofa Ásgarðsskóla er á Zoom og er opin samkvæmt stundatöflu skólans.

Á hverjum degi er morgunstund þar sem öll koma saman og farið er yfir verkefni dagsins. Í kjölfarið taka við vinnustundir í þemaverkefnum og teymisfundir með kennurum, þar sem verkefnin eru fjölbreytt og hópasamsetningar misjafnar eftir atvikum. Þar fyrir utan stunda nemendur nám í íþróttum og sundi samkvæmt stundatöflu. Í hádeginu hreyfa nemendur sig í 30 mínútur. Eftir hádegi fara nemendur í stærðfræði, lífið, íþróttir, spilatíma.

Á annarri spönn hefst skipulagt val og kjarnaval sem hluti af einstaklingsmiðuðu námi. Í kjarnavali eru mismunandi viðfangsefni í boði í hverri sex vikna lotu og nemendur velja eitt viðfangsefni í senn sem þeir sinna í gegnum þá lotu. Með því fá þeir tækifæri til að kynnst fjölbreyttum viðfangsefnum og námssviðum á skólaárinu, auk þess sem nemendur hafa áhrif á viðfangsefnin með tillögum sínum í upphafi skólaárs.



Valtímar veita nemendum tækifæri til að sinna eigin áhugasviðum, kafa dýpra í námsefni sem unnið er með í skólanum eða fá stuðning og leiðsögn frá kennara. Hægt er að fá valtíma metna, að því gefnu að þeir byggist á formlegu íþrótta- eða tómstundastarfi utan skóla, námi í framhaldsskóla eða starfsnámi sem tengist markmiðum aðalnámskrár. Slík umsókn er lögð fram í samráði við kennslustjóra.

Hægt er að fá valtíma metna svo framarlega að um sé að ræða formlegt íþrótta- eða tómstundastarf, nám í framhaldsskóla eða atvinnutengt nám sem hægt er að tengja við markmið aðalnámskrár.

Til að styðja við nám og velferð hvers og eins heldur umsjónarkennari að minnsta kosti þrjú einstaklingsviðtöl við hvern nemanda á hverri sex vikna spönn. Auk þess heldur hver nemandi eitt nemendastýrt viðtal með kennara og forsjáraðila, þar sem farið er yfir námslegastöðu, markmið og vellíðan í námi.

Yfir árið er boðið upp á að minnsta kosti tvær staðlotur, þá er blönduð kennsla, bæði á netinu og á staðnum.

Nemendur vinna í teyllum sem geta tekið breytingum yfir skólaárið. Nemendum er ekki raðað í bekk eða eftir aldri. Skóladagar samkvæmt skóladagatali eru 190 dagar en nemendum ber aðeins að stunda nám í 180 daga, hinum dögnum mega þau ráðstafa í vetrarfrí í samráði við fjölskyldu sína sé þess óskað.

STUNDASKRÁ

Nemendur hafa lýðræðislega aðkomu að gerð stundaskrár Ásgarðsskóla á skólapingi að vori. Stundaskráin nær nú yfir alla þá þætti sem skólum ber að sinna samkvæmt viðmiðunarstundatöflu. Stundataflan er aðgengileg nemendum og aðstandendum á Verkfæratorginu.

Nemendadagar eru 180 þar sem nemendum ber að mæta til skóla. Eins og sjá má í skólanámskrá og námsvísi er ítarlega haldið utan um nemendastundir og útfærslu á námsgreinum út frá viðmiðunarstundaskrá og valgreinum.

A ▾	Stundaskráin hélst óbreytt í vetur en fyrirhugaðar eru smávægilegar breytingar á stundaskrá næsta vetrar.
-----	---



SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Forsjáraðilar nemenda fyllir út móttökuupplýsingar við upphaf skólagöngu. Þar koma fram stuðningsþarfir nemenda, hvort samþætting sé í máli barns og hverjir koma að máli þess. Sé ástæða til að haldið sé áfram sömu teymisvinnu eftir að barn skráist í Ásgarðsskóla tekur tengiliður skólans sæti í lausnateymi nemanda. Samskiptadagbók er megin gagnasafn hvers nemenda sem er unnið með í samráði og samstarfi við alla nemendur og foreldra/forráðafólk.

Í Ásgarðsskóla er unnið samkvæmt lögum um farsæld barna. Komi til þess að nemendur blómstri ekki í námi leita kennarar og tengiliður leiða til úrbóta í samráði við nemanda og fullorðna fólk hans. Fullorðna fólk er hvatt til að sækja um samþættingu þjónustu og tengiliður hefur samráð við aðra þjónustuaðila eftir því sem leyfi og ástæður gefa tilefni til.

Þegar nemendaverndarráð hefur metið að þörf sé á greiningu sérfræðinga eru fundnar leiðir til þess að nemandinn fái þá þjónustu sem viðkomandi ber. Tengiliður og umsjónarkennari sjá til þess að brugðist sé við hið fyrsta og að kennarar og starfsfólk taki strax tillit til nemandans þó að greiningarferli sé ekki hafið.

Tengiliður finnur viðeigandi lausnir ásamt nemendaverndarráði og félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélaga. Ásgarðsskóli gerir samstarfssamninga við þjónustuaðila um þjónustu við nemendur eftir því sem best hentar hverjum og einum nemenda. Nemendur geta fengið sérfræðiþjónustu í gegnum Köru Connect - sem er veflausn sniðin fyrir sérfræðiþjónustu í gegnum netið.

Ásgarðsskóli er með eigin náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing og skólasálfræðing sem hvert og eitt eru sýnileg í skólanum með reglulegu millibili.

Skólasálfræðingur verður við skólann fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

Öll geta vísað málum til nemendaverndarráðs og óskað beint eftir sérfræðiþjónustu. Nemendaverndarráð Ásgarðsskóla fer yfir tilvísanir sem berast í gegnum [heimasíðu](#) skólans. Forsjáraðilar eru hvattir til að sækja um samþættingu þjónustu til að einfalda samráð og liðka fyrir ferlinu.

A	Skýrsla nemendaverndarráðs sýnir að allir nemendaverndarráðsfundir voru haldnir.
---	--



RÁÐ OG NEFNDIR

Skólaráð Ásgarðsskóla

Lögum samkvæmt er skólaráð samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skólans. Fundaáætlun og upplýsingaskjal skólaráðs Ásgarðsskóla er að finna hér og upplýsingar um þá fulltrúa sem þar sitja. Hlekk á fundargerðir skólaráðs er jafnframt að finna í skjalinu.

☰ Skólaráð Ásgarðsskóla fundaáætlun og skipan

Starfsemi skólaráðsins er metin þegar mat er gert á starfsáætlun í heild sinni að vori og er það liður í innra mati skólans. Skólaráð hittist að minnsta kosti fimm sinnum á vetri skv. fundaráætlun.

A ▾	Skólaráð fundaði samkvæmt dagskrá í allan vetur og engra breytinga þörf.
-----	--

Áfallaráð

Áfallaráð sér um að virkja viðbragðsáætlun við áföllum ef til kemur. Allt starfsfólk er viðbragðsaðilar ef virkja þarf áfallaáætlun skólans. Áfallaráð leggur mat á til hvaða aðgerða þarf að grípa, er ábyrgt fyrir skráningu, heldur utan um aðgerðir, skráir eftirfylgni og síðan málalok.

- Anna María, tengiliður farsældar
- Hildur Vilhjálmisdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Krístrún Lind Birgisdóttir, framkvæmdastjóri
- Sigríður Helgadóttir, sálfræðingur, til vara

☰ 6.9 Viðbrögð við áföllum - Áfallaáætlun

A ▾	Áfallaáætlun var ekki virkjuð.
-----	--------------------------------



Innra mat - áætlun

Matsteymi Ásgarðsskóla er skipað skólastjórn, öllum kennurum skólans, tveimur fulltrúum foreldra, tveimur fulltrúum nemenda og einum fulltrúa nærsamfélagsins; þeim sömu og sitja í skólaráði. Á hverjum skólaráðsfundi er innra mat jafnframt tekið til umfjöllunar.

Upplýsingar um innra mat skólans eru á [heimasíðu skólans](#). Tvær megináætlanir stýra viðfangsefnum innra mats, þ.e. langtímaáætlun og starfsáætlun innra matsteymis

Að vori er lagt mat á starfsáætlun innra mats og gerð skýrsla um innra mat auk umbótaáætlunar. Á hverju vori er jafnframt gert mat á starfsáætlun skólans sem er mikilvægt ferli við innra mat í skólanum.

A ▾	Innra mat gekk eftir en í skólastjórn var ákveðið að fjölga innlitum á næsta ári og fylgja enn betur eftir gæðum kennslu.
-----	---

Nemendafélag og nemendaráð

Nemendaráð Ásgarðsskóla

Nemendafélagið Æsir sest á Rökstóla, með kennurum tvisvar í mánuði eftir lýðræðislega kosningu í ráðið að hausti. Æsir fylgja lögum nemendafélagsins í störfum sínum, þeir skipta með sér verkum og eiga tvo fulltrúa í skólaráði.

Æsir eru verndarar skóladagatalsins og halda utan um alla uppbrotsdaga og skipulagningu þeirra auk ferðalaga ef einhver eru. Þá daga sem nemendur halda utan um skipulag að hluta eða öllu leiti er skipulagið gert í samráði við skólastjórn og kennara og mikilvægt er að nemendur komi vel undirbúnir og með gott skipulag.

A ▾	Nemendafélagið fundar vikulega og koma með hugmyndir að skólastarfi og klúbbastarfi í skólanum.
-----	---



Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins þegar börn þeirra innritast í Ásgarðsskóla. Stjórn foreldrafélags Ásgarðsskóla var kosin á aðalfundi í maí 2024 þegar félagið var formlega stofnað.

Foreldrafélagið velur sér tvo fulltrúa til að sitja í skólaráði. Stjórn skiptir með sér verkum og mótar starfið og gætir þess að upplýsingar um það séu aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í stjórn foreldrafélagsins sitja:

- Kristján Jörgen Hannesson
- Helga Kristín Snæbjörnsdóttir
- Alexandra Kristjana Ægisdóttir
- Dörthe Henrike Warneke

Sjá nánar á heimasíðu skólans og [Foreldrafélag Ásgarðsskóla](#)

	Foreldrafélagið hélt einn fund en hefur verið í samskiptum á Slack.
--	---

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er jafnframt farsældarráð skólans og forvarnarráð. Anna María Þorkelsdóttir er formaður nemendaverndarráðs.

Í nemendaverndarráði sitja:

- Anna María Þorkelsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, formaður nemendaverndarráðs og tengiliður farsældar
- Dína Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
- Hildur Vilhjálmsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Krístrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri
- Sigríður Helgadóttir, sálfræðingur
- Aðrir sérfræðingar eru kallaðir til eftir þörfum

Ráðið fundar fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.



Upplýsingar um nemendaverndarráð er á heimasíðu skólans og eyðublað um tilvísun til nemendaverndarráðs og beiðni um samþætta þjónustu er að finna á [Verkfæratorgi](#), læstu svæði fyrir nemendur, starfsfólk og forsjáraðila og á heimasíðu.

Ársáætlun nemendaverndaráðs fyrir 2025-2026 er að finna [hér](#).

A ▾	Allt gekk vel samkvæmt skýrslu deildarstjóra stoðþjónustu sem gerir grein fyrir starfsemi sinni á nemendaverndarráðsfundi í lokaðri skýrslu.  Ársskýrsla nemendaverndarráðs 25-26
-----	--

Skólareglur

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt. Reglurnar skulu unnar í samvinnu við skólaráð. Skólareglur eru kynntar og endurskoðaðar í samvinnu við skólaráð á hverju ári.

Í Ásgarðsskóla er áhersla á framfarir. Því miða skólareglur og aðgerðaáætlanir við brotum eða skorti á ástundun alfarið að því að finna orsök hegðunar og leita leiða til að styðja nemandann til bættrar hegðunar og ástundunar.

9. Skólareglur

A ▾	Skólareglur eru virkar og voru endurskoðaðar í fyrra. Samskiptavandi og fleira hefur komið upp og skólareglur hafa virkað og ekki verið talin ástæða til að endurskoða þær í vetur.
-----	--

ENDURSKOÐUN ÁÆTLANA

Í Ásgarðsskóla leggjum við metnað í að hafa áætlanir skýrar, metnaðarfullar og vel uppfærðar. Endurskoðun fer fram á starfsmannafundum mánaðarlega samkvæmt endurskoðunaráætlun.



Á vorin er metið hvort endurskoðun hafi náð fram að ganga.

 Endurskoðun áætlana

A ▾	Endurskoðun áætlana gekk mjög vel í vetur og allt endurskoðað sem fyrirhugað var að endurskoða.
-----	---

May 18, 2026 Krístrún Lind Birgisdóttir



Nefndir og ráð

Áfallaráð

Áfallaráð sér um að virkja viðbragðsáætlun við áföllum ef til kemur. Allt starfsfólk er viðbragðsaðilar ef virkja þarf áfallaáætlun skólans. Áfallaráð leggur mat á til hvaða aðgerða þarf að grípa, er ábyrgt fyrir skráningu, heldur utan um aðgerðir, skráir eftirfylgni og síðan málalok.

- Anna María, tengiliður farsældar
- Krístrún Lind Birgisdóttir, framkvæmdastjóri
- Sigríður Helgadóttir, sálfræðingur, til vara

Jafnréttisfulltrúi

- Tinna Pálsdóttir: Námskrárstjóri og jafnréttisfulltrúi.

Öryggisáætlun

Sigurður Kristján er öryggisfulltrúi og sér til þess að öryggisáætlun sé fylgt eftir.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er jafnframt farsældarráð skólans og forvarnarráð. Anna María Þorkelsdóttir er formaður nemendaverndarráðs.

Í nemendaverndarráði sitja:

- Anna María Þorkelsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, formaður nemendaverndarráðs og tengiliður farsældar
- Dína Jónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
- Hildur Vilhjálmsdóttir, náms- og starfsráðgjafi - hætti störfum 1.10.2025
- Krístrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri
- Óskar Finnur kennslustjóri - tók sæti 13. nóvember.
- Sigríður Helgadóttir, sálfræðingur
- Aðrir sérfræðingar eru kallaðir til eftir þörfum

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins þegar börn þeirra innritast í Ásgarðsskóla. Stjórn foreldrafélags Ásgarðsskóla var kosin á aðalfundi í maí 2024 þegar félagið var formlega stofnað.

Foreldrafélagið velur sér tvo fulltrúa til að sitja í skólaráði. Stjórn skiptir með sér verkum og mótar starfið og gætir þess að upplýsingar um það séu aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í stjórn foreldrafélagsins sitja:

- Kristján Jörgen Hannesson
- Helga Kristín Snæbjörnsdóttir

- Alexandra Kristjana Ægisdóttir
- Dörthe Henrike Warneke